

# Fimmti fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga b.s.

Haldinn föstudaginn 6. sept. 2013 kl. 8:30 á bæjarskrifstofu  
Hveragerðisbæjar.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson Drífa Kristjánsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir. Drífa ritaði fundargerðina.

## 1. Fundargerð vorkundar Héraðsnefndarinnar:

Fundargerðin var rædd og farið yfir þau verkefni sem unnið hefur verið að í sumar:

- Hjúkrunarheimili hafa verið skoðuð af starfshópi sem skipaður var á vorkundi Héraðsnefndar. Sveinn sagði frá vinnu hópsins.
- Heimasíðan 10. liður fundargerðarinnar: Ákveðið var að efla hana enn frekar og gera virkari. Fundargerðirnar þurfa að fara inná heimasíðuna. Sveinn lagði fram tillögu um að Þorsteinn í Hérðasskjalasafninu taki að sér að halda utanum heimasíðu Héraðsnefndarinnar og að hann uppfæri síðuna fyrir næsta fund Héraðsnefndarinnar. Stjórnin samþykkti tillögu Sveins.
- Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins. Sveinn telur mikilvægt að fá umboð til að taka tilboði um húsnæði ef það býðst. E.t.v. vill einhver verktaki byggja yfir safnið ef hann fær langtímaleigusamning.
- Aldís minnti á mjög skemmtilega ferð sem farin verður á morgun og skipulögð er af Listasafni Árneseinga. Farið verður um Þingvelli, Uppsveitirnar og Flóann í tengslum við sýningu safnsins á verkum Ásmundar Sveinssonar.

## 2. Fundargerð Byggðasafns Árneseinga nr. 19 og 20: Fundargerðirnar ræddar. Fram kom að heimsóknir í Byggðasafnið hafa vaxið mjög í sumar einkum vegna sýningar um Ljósuna á Bakkanum. Viðhaldsmál safnsins rædd, ljóst að viðhald er orðið aðkallandi víða. Tillaga lögð fram um að meira fjármagn verði lagt í viðhald.

## 3. Alviðra: Fundargerð stjórnarfundar frá 22. maí s.l. lögð fram. Einnig lögð fram fjárhagsáætlun Alviðrustofnunar fyrir árið 2013, ásamt álitserð Loga Kjartanssonar lögfræðings um mögulega stöðu jarðanna Alviðru og Öndverðarness II. Umræða varð um stöðu mála og framkvæmdastjórnin ákvað að fá fund með stjórn Alviðru til að fara yfir málin. Ari tekur að sér að boða fundinn.

## 4. Erindisbréf stofnana: Ákveðið var að allir komi með tillögu sína um erindisbréf fyrir fagrað á næsta fund framkvæmdastjórnar.

## 5. Haustfundur: Rætt um fjárhagsáætlanir. Ákveðið að halda haustfundinn 17. og 18. október n.k. og ljúka fundi í hádegi á föstudegi. Stefnt er að því að halda fundinn í Bláskógabyggð og sér Drífa um að fara í leiðangur og finna stað. Óska eftir tilboði fyrir hópinn og bjóða uppá skemmtilegar ferðir,

## 6. Stofnskrá fyrir Listasafn Árneseinga. Framkvæmdastjórn fékk tillögu um stofnskrána senda í tölvupósti og var hún staðfest án breytinga.

7. **Næsti fundur:** Fundur ákveðinn 17. september í Hveragerði kl. 8:30. Tillaga að dagskrá:

- Erindisbréf stofnana,
- Heimasíðan
- Alviðra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

---

Ari B. Thorarensen

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Arna Ír Gunnarsdóttir

---

Sveinn Steinarsson

---

Drífa Kristjánsdóttir